

- 16** Háskólaráðið skal árlega birta reikning sjóðsins í árbók Háskólans, og
25. febr. skal það, er innstæða sjóðsins er orðin kr. 10000.00 semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn, er ráðherra staðfesti.

Reglugjörð þessi, sem Háskólaráðið hefir samið samkvæmt lögum nr. 25 frá 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, staðfestist hjermeð.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. febrúar 1922.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

- 17** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Þórarins
3 mars framkvæmdarstjóra Tulinius fyrir fátæka sjómenn, stofnaðan í tilefni af
dvöl Christians konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar á Íslandi
sumarið 1921, útgefin á venjulega hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 3. mars 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

**styrktarsjóð Þórarins framkvæmdarstjóra Tulinius fyrir
fátæka sjómenn, stofnaðan í tilefni af dvöl Christians
konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar á
Íslandi sumarið 1921.**

1. gr.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður af Þórarni framkvæmdarstjóra Tulinius, til minningar um dvöl Hans hátignar Christians konungs Tíunda og Hennar hátignar Alexandrinu drotningar á Íslandi sumarið 1921.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gamla, fátæka sjómenn.

2. gr.

17

8. mars

Stofnfje sjóðsins er 10.000 krónur. Stofnfjeð má ekki skerða, nje heldur það, sem gefið kynni að verða sjóðnum til aukningar. Sjóðinn skal ávaxta eftir sömu reglum og fje ófjárráðra.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal varið til styrktar gömlum, fátækum sjómönnum. Að öðru jöfnu skulu þeir sjómenn ganga fyrir, er sýnt hafa sjerstakt hugrekki eða dugnað, svo sem við björgun manna úr sjávarháská.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Íslands veitir sjóðnum forstöðu, og birtir í Stjórnartíðindunum nöfn þeirra, sem notið hafa styrks úr honum; enn fremur skulu ársreikningar sjóðsins birtir í Stjórnartíðindunum.

Umsóknir um að verða teknir til greina við úthlutun styrksins skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir 1. apríl ár hvert, og honum úthlutað 1. júlí, í fyrsta sinn 1922.

Reglugjörð

18

15. mars

um mælingar kaupúna og sjávarþorpa.

1. gr.

Mælingarnar.

Mælingar skulu fullnægja öllum venjulegum kröfum til nákvæmni, sem gerðar eru til fullkominna þríhyrninga- og marghyrningamælinga. Fastir mælipunktur herforingjaráðsins danska skulu notaðir sem þríhyrningapunktur, þar sem þeir eru svo nærri, að þess er kostur.

Allir þríhyrningapunktur svo og þeir marghyrningapunktur, sem mælingamaður telur miklu varða, skulu merktir með vanalegum merkjum, og skulu þeim valdir hentugir staðir, þar sem síst er hætt við að merkin raskist.

Þríhyrningapunktur merktist með tilhöggnum eða steiptum steini, 100 cm. háum, 25 cm. breiðum á hvorn veg að ofan, en 40 cm. að neðan, sem festist tryggilega í jörðu niður fyrir þar, sem frost nær. Ofan á steininn er festur stokkur úr jární um 10 cm. á dýpt með loki yfir, en ofan í steininn miðjan